

**Stjórnarfundur í FUM var haldinn fimmtudaginn 2. mars 2006,**

kl. 17 í Odda, herbergi 213.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Jóhanna Rósa Arnardóttir, Ragnar F. Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir og Amalía Björnsdóttir. Kristjana Stella Blöndal, komst ekki og því ritar formaður fundargerð.

Dagskrá:

**1. Undirbúningur Aðalfundar**

Farið var yfir drög að skýrslu formanns og aðra dagskrárliði aðalfundarins sem fyrirhugaður er í Odda 9. mars, kl. 16:30. Ákveðið var að ritstjóri tímaritsins segði frá starfi ritnefndar undir 2. dagskrárlið, skýrslur nefnda. Ákveðið var að leggja til við aðalfund að hafa félagsgjöld óbreytt. Hafþór biðst undan áframhaldandi starfi í stjórninni, kjörtímabili hans er lokið, en hann hefur verið gjaldkeri. Formaður og aðrir í stjórn hafa aðeins setið í eitt ár en eru allir kosnir til tveggja ára. Ákveðið var að senda út aðalfundarboð og óska eftir tilnefningum í laus stjórnarsæti.

**2. Þóknun til ritstjóra tímarits**

Í framhaldi af umræðum á síðasta fundi var ákveðið að þóknun til ritstjóra tímaritsins yrði 300 þúsund krónur árlega. Jafnframt sjái ritstjóri um að dreifa eða pósthleggja tímaritið til kaupenda, annarra en félagsmanna sem hafa greitt árgjald, en þeir fá tímaritið sent í pósti.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 18:20.